

Dags eftirlits	5.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Sláturfélag Suðurlands	Eftirlitsmaður	
Heimili	Fossnes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600269-2089	Flokkur	Sláturhús
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Hjálmarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Benedikt Benediktsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum fundust við eftirlitið og þrjár ábendingar voru settar fram um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með Sláturfélagi Suðurlands Fossnesi þann 5. desember 2025. Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Stöðin er með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem var gefið út þann 25. maí 2011 og gildi til 12. janúar 2024. Umhverfis- og orkustofnun gaf út framlengingu á bráðabirgðaheimild sem gildir til 23. maí 2026.

Dagskrá eftirlitsins

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjöllum
- Innra eftirlit
- Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins BAT
- Umhverfisstjórnunarkerfi
- Trygging vegna bráðamengunar
- Frárennsli
- Útblástur frá brennsluofni
- Grænt bókhald
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Þegar farið var í eftirlitið voru opin tvö eldri frávik.

Annarsvegar frávik frá gr. 2.3 í starfsleyfi. Iðnaðarskólp skal forhreinsað áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka. Engar mælingar hafa verið gerðar á magni lífræns efnis fyrir og eftir fastefna- og fituskiljuna til að staðfesta hreinsigetuna. Rekstraraðili hefur framkvæmt mælingu og sent inn til stofnunarinnar. Niðurstöðurnar sýndu að magn saurkokka í frárennslinu voru 14.000 saurkokkar/100ml. Rekstraraðili hefur einnig sent inn mæliniðurstöður þar sem þrifum á kindastíunni var skipt upp í tvennt og mældust þá 5.300 saurkokkar/100ml í sýnatökubrunninum en 33.000 saurkokkar/100ml í viðtakanum. Rekstraraðili upplýsti um að verið er að hanna nýtt hreinsivirki fyrir stöðina sem ætti að vera tilbúið 2027.

Hins vegar frávik frá gr. 41 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunarvarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Afgreiðslubyssa á eldsneytisgeymi við brennsluofninn lekur og mengunarvarnir því ekki tryggðar. Rekstraraðili hefur sent inn myndir sem sýna að skipt hefur verið um afgreiðslubyssu og frávikinu því lokað.

Einnig voru fjórar ábendingar frá fyrri eftirlitum.

Framkvæma þarf mælingar á saurgerlum í fráveitunni við þrif á kindastíu til að staðfesta að þær úrbætur sem farið hefur verið í til að draga úr saurmengun séu nægjanlegar. Rekstraraðili upplýsti um að sauðfjárréttin hafi í haust verið þrifu í tvennu lagi. Tekin voru sýni sem sýndu talsvert lægri gildi, þó ekki nægjanlega lág. Framkvæmdar hafa verið sýnatökur og ábendingunni því lokað

Mikilvægt er að fara yfir kælikerfin með tilliti til þess hvort þau sæti áfyllingarbanni og gera áætlun um endurnýjun þeirra kerfa. Rekstraraðili er með þjónustusamning við Frost. Farið verður í endurnýjun á einu stóru kerfi á næstunni

og sett upp glýkol-kerfi í stað F-gasa. Á svæðinu eru enn nokkur kerfi eftir með F-gösum sem þarf að skipta út.

Rekstraraðila var bent á að skoða losun á blóði í skólp en það samræmist ekki matvælalöggjöfinni. Rekstraraðili hefur frest frá MAST fram til janúar 2026 að skoða þetta. Í nýja hreinsikerfinu sem verið er að hanna er gert ráð fyrir að safna blóði úr því. Hins vegar er gert ráð fyrir að byrja að safna blóði frá sauðgripum strax haustið 2026.

Rekstraraðila var bent á að mikilvægt er að uppfæra viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og bæta inn þeim áhættupáttum sem til staðar er í rekstrinum. Rekstraraðili hefur komið sér upp viðbragðsáætlun og ábendingunni því lokað.

2. Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðila voru send fylgigögn með boðun eftirlitsins. Farið var yfir þessi fylgigögn í eftirlitinu. Kynnt var breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar og leiðbeiningar um olfuskiljur.

3. Innra eftirlit

Ekki var farið sérstaklega yfir innra eftirlitið í eftirlitinu að öðru leiti en að það er til staðar og rekstraraðila hafa ekki borist neinar kvartanir frá síðasta eftirliti.

4. Beita skal bestu fáanlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins BAT (gamla starfsleyfi 2,1 og)

Rætt var um að komnar eru BAT kröfur fyrir sláturhús og öll sláturhús sem hafa getu til að slátra 50 tonnum á dag skulu fyrir 11. desember 2027 uppfylla allar kröfur sem settar eru fram í BAT.

5. Umhverfisstjórnunarkerfi BAT

Í BAT1 er listi yfir þær kröfur sem gerðar eru til umhverfisstjórnunarkerfis rekstraraðila. Rætt var um að rekstraraðili fari yfir listann í BAT1 og uppfærir eigið umhverfisstjórnunarkerfi með tilliti til þeirra krafa sem koma þar fram.

6. Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði tryggingaskírteini í eftirlitinu.

7. Frárennsli

Rætt var um frárennslið frá stöðinni og hvaða kröfur eru gerðar í BAT. Rekstraraðili upplýsti um að hönnun á nýju hreinsikerfi er í gangi og gert ráð fyrir að það verði komið í gagnið árið 2027 áður en BAT kröfurnar skulu uppfylltar. Rekstraraðila var bent á að upplýsa teymi starfsleyfa og umsagna um hreinsikerfið þar sem vinnsla nýs starfsleyfis er í gangi.

8. Útblástur frá brennsluofni

Í ofninum eru brennd um 150-160 tonn af áhættuvef á ári. Engar mælingar hafa verið gerðar á útblæstrinum en gerðar eru kröfur um árlegar mælingar í BAT og drögum að nýju starfsleyfi.

9. Grænt bókhald

Drögum að grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað fyrir 1. maí 2025 sem er frávik.

10. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

11. Kvartanir

Hvorki rekstraraðila né Umhverfis- og orkustofnun hafa borist kvartanir vegna rekstursins frá síðasta eftirliti.

12. Vettvangsferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Brennsla var í gangi og ekkert sjáanlegt ryk frá strompinum. Fastefna- og fituskiljan virtist vera full. Bent var á að óvist væri hvort virkni skiljunnar sé nægjanlegur sökum þess hversu full hún var.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.	Rekstraraðilar sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.

ÁBENDINGAR


1. Rekstraraðila var bent á að hafa samband við teymi starfsleyfa og umsagna um hreinsikerfi sem verið er að hanna þar sem verið er að vinna í nýju starfsleyfi fyrir starfseminu.
2. Engar mælingar hafa verið gerðar á útblæstrinum frá brennsluofninum en gerðar eru kröfur um árlegar mælingar í BAT og drögum að nýju starfsleyfi.
3. Rekstraraðila er bent á að kynna sér virkni fastefna- og olíuskiljunnar. Hversu mikið fast efni getur safnast í skiljuna áður en virknin minnkar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

12.12.2025



Kristín Kröyer